

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	06.12.2017
Málalýkill	1712051
Mál nr.	07.20

Sveitarfélagið Garðabær
Gardatorgi 7
210 Garðabæ



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 4. desember 2017

Tilvísun: 2017121720SK/--

Efni: Ábending um eftirlitsmyndavél við Álfanesveg

Persónuvernd hefur borist ábending þess efnis að sveitarfélagið Garðabær hafi sett upp eftirlitsmyndavél við Álfanesveg.

Persónuvernd vill vekja athygli á því að um rafræna vöktun gilda ákvæði laga laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun. Í reglunum eru að finna almennar reglur sem fylgja skal þegar rafræn vöktun er viðhöfð. Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með tilteknum einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Áður en menn hefja rafræna vöktun með eftirlitsmyndavélum þarf að ganga úr skugga um að markmiðinu með vöktuninni sé ekki unnt að ná með öðrum og vægari úrræðum, og einnig þarf að fræða þá sem sæta vöktuninni, m.a. um hvaða búnaður sé notaður, tilgang vöktunar, og hvernig farið verði með efni sem safnast, sbr. 10. gr. reglnanna.

Varðandi lögmæti vöktunarinnar skal tekið fram að samkvæmt 4. gr. laganna, er rafræn vöktun ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Ef rafræn vöktun með eftirlitsmyndavélum er viðhöfð í þeim tilgangi að gæta öryggis eða til að verja eigur viðkomandi þá er ekki heimilt að nota slíkar myndavélar til að fylgjast með t.d. umferð nágranna.

Almennt hefur verið talið að *einungis lögregla hafi heimild til að setja upp eftirlitsmyndavélar á almannafæri* ef hún fer að skilyrðum laga nr. 77/2000 og reglugerðum sem settar eru með stöð í þeim.


Nauðsynlegt er að tilgangurinn sé málefnalegur og gera þarf glögglega viðvart um það þegar löggæsla fer fram með rafrænni vöktun á almannafæri, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þá má einnig geta þess að í tveimur tilvikum hefur Persónuvernd ekki gert athugasemdir við rafræna vöktun á vegum (þ.e. á almannafæri) innan tiltekinna sveitarfélaga, enda var lögreglan á viðkomandi svæði ábyrgðaraðili vöktunarinnar og hafði ein aðgang að myndefninu sem safnaðist við vöktunina, þrátt fyrir að sveitarfélagið hefði lagt til búnað og húsnæði fyrir vöktunina. Í því felst þá m.a. að viðkomandi lögregluumdæmi taki allar ákvarðanir um meðferð og ráðstöfun myndefnisins, beri ábyrgð á að vöktunin samræmist lögum og beri ábyrgð á því að myndefnið sé verndað gegn óleyfilegum aðgangi, þ. m. t. aðgangi umsjónarmanna kerfisins og/eða starfsmönnum viðkomandi bæjarfélags.

Rafræn vöktun er ekki háð leyfi Persónuverndar en öll rafræn vöktun er hins vegar tilkynningarskyld til stofnunarinnar nema sú sem fer einungis fram í öryggis- og eignavörsluskyni, enda hafi skilyrðum laga og reglna um fræðslu og viðvaranir verið fullnægt sem og gildandi sérreglum um framkvæmd slíkrar vöktunar, sbr. 7. gr. reglna nr. 837/2006.

Með hliðsjón af framangreindu er þess að óskað að sveitarfélagið Garðabær upplýsi Persónuvernd um hvort það viðhafi myndavélaeftirlit við Álftanesveg, og/eða við aðra vegi innan sveitarfélagsins. Ef framangreindu er svarað jákvætt, er þess óskað að sveitarfélagið Garðabær upplýsi Persónuvernd um hvernig myndavélaeftirlitið samrýmist fyrrgreindum sjónarmiðum laga nr. 77/2000, og reglum nr. 837/2006.

Er svara vinsamlegast óskað fyrir 19. desember næstkomandi.

F.h. Persónuverndar,


Gunnar Ingi Agústsson


Stefán Kristinnsson